

**Nd.**

**84. Frumvarp til laga**

[78. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Bjarni Guðnason.

**1. gr.**

Við 27. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Allar meiri háttar framkvæmdir á vegum bankans eru háðar sérstöku samþykki beggja, ráðherra og bankaráðs.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Tilfni þessa frumvarps eru ummæli hæstvirts forsætisráðherra, er hann lét falla á Alþingi hinn 2. október s. l., út af fyrirspurn minni um Seðlabanka Íslands. Forsætisráðherra komst m. a. svo að orði: „Mitt svar er það, að ráðherra, í þessu tilfelli viðskiptaráðherra, sem fer með bankamál, hefur hvorki að óbreyttum lögum né samkvæmt venju um starfshætti banka og bankaráða heimild til að stöðva byggingarframkvæmdir ríkisbanka, hvorki Seðlabankans né annarra banka.“ (Alþt. 3, 1973, 83).

Ég tel, að ákvæði núgildandi laga séu að vísu alveg skýr, þannig að ekki sýnist vera neinn vafi á, að ráðherra hafi rétt til ihlutunar um slíkar framkvæmdir, sbr. 24. gr. laga nr. 10/1961. En þar sem réttur ráðherra hefur þrátt fyrir þetta verið veffengdur, verður ekki undan því skotist að flytja þetta frumvarp til að taka af öll tvímæli.

Óþarft mun að fara mörgum orðum um það, að ekki verður við það unað, að ríkisbankar geti ráðist í stórfelldar fjárfestingar og framkvæmdir, án þess að heimild framkvæmdavaldsins komi til. Ella væru bankarnir ríki í ríkinu. Löggjafarvaldið getur ekki látið afskiptalaust, að ríkisbankarnir geti ráðist í byggingarframkvæmdir, sem kosta mörg hundruð milljónir króna, eins og höll Seðlabankans við Arnarhól vitnar um, á meðan opinberar stofnanir þurfa að sækja um hverja krónu til 60 manna þings til að fá einhverja úrlausn. Sumar stofnanir bíða áratugum saman eftir því að eignast þak yfir höfuðið og mæta litlum skilningi. Má minna á Ríkisútvarpið (hljóðvarp) í þessu sambandi. Af þessu eftirlitsleysi Alþingis og framkvæmdavalds hefur leitt óeðlilega þenslu bankakerfisins og byggingu fjölmargra bankahýsa. Þar hefur skort stefnumótun. Allt tal um áætlunarbúskap og forgangsröðun verkefna verður nánast orðin tóm, hafi ríkisstjórnin ekki tók á þessu.

Þess vegna rekur nauður til endurskoðunar á löggjöf Seðlabankans og annarra ríkisbanka, svo að ekki verði um það villst, að bankakerfið og þróun þess falli inn í þá heildarstjórn, sem verður að hafa á efnahagsmálum þjóðarinnar.